

Úrskurður 5/2019

A kærði ákvörðun Tollstjóra um höfnun leiðréttingar aðflutningsskýrslna vegna innflutnings þriggja bifreiða í júlí 2018.

Heimildarnúmer bílaleigunnar B var notað við tollafgreiðslu bifreiðanna þann 28. desember 2018 en þann 5. mars. 2019 óskaði kærandi A eftir að heimildarnúmer bílaleigunnar C yrði skráð á skýrslunni í stað heimildarnúmers B.

Hinn 7. mars. 2019 hafnaði Tollstjóri beiðni kæranda um leiðréttingu aðflutningsskýrslna þar sem ekki væri lengur heimilt að færa niðurfellingu yfir á annað heimildarnúmer.

Niðurstaða

Með vísan til þess að XVI. bráðabirgðaákvæði laga nr. 29/1993 var fallið úr gildi þegar sótt var um eftirgjöf vörugjalds til handa C þá á kærandi ekki rétt á að fá niðurfellingu vörugjalds vegna þeirra þriggja ökutækja sem til umfjöllunar eru í málinu.

Staðfest var ákvörðun embættisins um að hafna leiðréttingu þriggja aðflutningsskýrslna.

Ökutæki málsins hlutu þann 28. desember 2018 niðurfellingu vörugjalds á grundvelli XVI bráðabirgðaákvæðis vegna upplýsinga um að B yrði kaupandi ökutækjanna. Síðar kom í ljós að B keypti ekki ökutækin og því skilyrði vörugjalds ekki lengur til staðar. Af þeim sökum hyggist Tollstjóri endurákvarða vörugjald af ökutækjunum þremur í málinu.